

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 11. febrúar 2018 - R18010087

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð 81. fundar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 26. janúar 2018	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R18010344	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upphæð og lögmæti innviðagjalds frá 25. janúar 2018	Sent skrifstofa borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18010345	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafstrætisvagna frá 25. janúar 2018	Sent Strætó bs. til umsagnar.
R18010339	Erindi Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis, dags. 22. janúar 2018.	Sent borgarlögmanni til yfirferðar.



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

81. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 26. janúar 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir og Eva Lín Vilhjálmisdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Halldór Halldórsson og Bryndís Haraldsdóttir boðuðu forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð. Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Breyting á svæðisskipulagi vegna Borgarlínu. Innkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu / málsnr. 1702003

Lagðar fram til umfjöllunar sbr. 1. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi vegna samgöngu- og þróunarása, Borgarlínu stóð yfir frá 30.11.2017 – 18.01.2018. Alls bárust 19 umsagnir, ábendingar og athugasemdir við auglýsta tillögu á kynningartímabilinu. Svæðisskipulagsnefnd hafði áður samþykkt að bókun bæjarstjórnar Kópavogs við afgreiðslu sbr. 3. mgr. 23. gr skipulagslaga yrði tekin sérstaklega til umfjöllunar með innkomnum athugasemdum að kynningartíma loknum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir að svæðisskipulagsstjóri og fagráð vinni tillögur að viðbrögðum við athugasemdum.

2. Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Vaxtamörk í landi Mosfellsbæjar, Hólmsheiði, Innkomnar athugasemdir við skipulagslýsingu / málsnr. 1606002

Verkefnislýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á vaxtamörkum í landi Mosfellsbæjar við Hólmsheiði hefur verið send á umagnaraðila og gerð aðgengilega almenningi. Óskað var eftir umsögnum, athugasemdum eða ábendingum fyrir 16.01.2018. Alls bárust 3 umsagnir, frá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Veitum.

Niðurstaða:

Innkomnar umsagnir eru lagðar fram og verða hafðar til hliðsjónar í skipulagsferlinu sem framundan er.

3. **Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Vaxtamörk í landi Reykjavíkur, Álfsnes. Staða greiningar á landi undir atvinnustarfsemi / málsnr. 1712001**

Verkefnislýsing var send sveitarfélögum til samþykktar þann 14.12.2017 ásamt beiðni um upplýsingar um stöðu athafna- og iðnaðarsvæða. Lýsingin er enn í afgreiðsluferli. Upplýsingar um athafna- og iðnaðarsvæði hafa skilað sér frá tveimur sveitarfélögum Mosfellsbæ og Kópavogi.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd hvetur sveitarfélögin til að hraða afgreiðslu málsins.

4. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Miðborgin: Drög að breytingu / málsnr. 1602003**

Lögð fram til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Með breytingunni er verið að skerpa á texta greinargerðar í kaflanum Gatan sem borgarými. Breytingin miðar að því að: Setja fram ákveðnari markmið um göngugötur í miðborg Reykjavíkur og í borginni í heild sinni. Stuðla að því að settar verði verklagsreglur um framkvæmd tímabundinnar lokunar gatna. Setja viðmið um mögulega varanlega lokun gatna fyrir bílumferð.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögudrögin.

5. **Aðalskipulag Hafnarfjarðar, Ásvallabraut: Skipulagslýsing / málsnr. 1801004**

Lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Með breytingunni er verið að útfæra tengibraut innan Hafnarfjarðar sem liggur ekki yfir í önnur sveitarfélög. Ásvallabraut er ekki er skilgreind sem stofnvegur í svæðisskipulagi.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögudrögin.

6. **Aðalskipulag Mosfellsbæjar – Hrífsbrú: Skipulagslýsing / málsnr. 1801005**

Lögð fram til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Áformað er að skilgreina 10,6 he spildu úr landbúnaðarlandi fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Tilgangurinn er að hægt verði að byggja upp Höfðingjasetur þar sem upphaf íslenskrar menningar verður gerð skil. Byggingar í miðaldastíl eiga að laða til sín ferðamenn allt árið um kring.

Ekki er hægt að skilja áformin öðruvísi en að taka eigi spilduna úr landbúnaðarnotkun. Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er sett fram stefna um að varðveita gott landbúnaðarland þannig að hægt sé að nýta það undir matvælaframleiðslu. Lögð er áhersla á að sveitarfélögin takmarki uppbyggingu sem skerði landbúnaðarland ef ekki liggi fyrir upplýsingar um gæði þess (aðgerð 1.3.3.). Þessi stefna er í samræmi við ákvæði 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 en þar kemur fram að óheimilt sé að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 he. eða stærra nema leyfi ráðherra liggi fyrir.

Ekki er hægt að lesa það úr verkefnislýsingunni að fyrir liggi mat á landgæðum við Hrífsbrú, engu að síður virðist búið að marka það svæði sem landnotkun verði breytt. Það virðist því ekki vera gert ráð fyrir neinu ferli í skipulagsvinnunni þar sem val á landsspildu tekur tillit til að vernda gott ræktarland. Eins kemur ekki fram að forsenda þess að hægt sé að fella niður landbónarskilgreininguna er að haft sé samstarf við landbúnaðaryfirvöld sbr. ákvæði jarðalaga nr. 81/2004.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur að áður en landnotkun er breytt á 10,6 he. spildu úr landbúnaðarsvæði við Hrísbú þurfi að liggja fyrir mat á landgæðum ásamt leyfi ráðherra til að fella niður landbúnaðarskilgreiningu. Svæðisskipulagsnefnd minnir á að það er markmið allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að varðveita landbúnaðarland þannig að nýta megir það undir matvælaframleiðslu. Mat á landgæðum á umræddu svæði verður því að vera ein forsenda skipulagsbreytinganna og niðurstaða þess gæti haft áhrif á æskilegt staðarval fyrir Höfðingjasetur.

7. Umferðarflæði um Garðahraun: Fyrirhuguð lokun á vegtengingu við Herjólfstraug
Lagt fram til upplýsingar.

Hafnarfjarðarbær hefur kært deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ til úrskurðarnefndar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.

BORGARRÁÐ 25. janúar 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upphæð og lögmæti innviðagjalds - R18010344

Hvenær er fyrirhugað að innheimta innviðagjald, hversu hátt verður það og hefur lögmæti þess verið kannað?


BORGARRÁÐS 25. janúar 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafstrætisvagna - R18010345

Hvenær má búast við að rafstrætisvagnar sem pantaðir hafa verið frá Kína komi, hversu margir verða þeir og hvað munu þeir kosta?

Reykjavík 22. janúar 2018

Borgarstjóri Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson



Varðar: Skipulagsskrá Grundar

Með bréfi þessu óskar stjórn Grundar, 580169-1209, eftir samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur á breytingu á skipulagsskrá Grundar.

Sjá meðfylgjandi undirritaða breytta skipulagsskrá.

Greinargerð:

Skipulagsskrá Grundar er frá árinu 1925, staðfest af Kristjáni X Danakonungi 30. janúar sama ár, og hefur aldrei verið breytt. Starfsemi Grundar hefur vaxið undanfarin ár, sérstaklega má nefna aukin umsvif við Suðurlandsbraut 58 – 70. Þá leggur nýr samningur á milli heimilanna þriggja, Grundar, Áss og Markar annars vegar og Sjúkratrygginga Íslands hins vegar um hjúkrunarheimilisrekstur þeirra, auknar skyldur á heimilin að aðgreina rekstur fasteigna annars vegar og umönnunarþátt hins vegar. Til að geta komið til móts við slíkt ásamt því að skipulagsskráin standist nútíma kröfur opinberra aðila, t.d. RSK, hvað varðar stofnun, skráningu og rekstur tengdra félaga, hefur stjórn Grundar samþykkt breytingar á fyrrnefndri skipulagsskrá. Í upphaflegu skipulagsskránni er gert ráð fyrir að bæjarstjórn Reykjavíkur (nefnt þannig þá) samþykki þær breytingar sem kunna verða gerðar á henni.



Guðrún Birna Gísladóttir

Forstjóri Grundar

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir
Elliheimilið „Grund“ í Reykjavík

Vjer undirritaðir stofnendur og núverandi stjórnendur Elliheimilisins „Grund“ við Kaplaskjólsvæg í Reykjavík gjörum hjer með kunnugt :

Að elliheimili þetta sem stofnað var með almennum samskotum hjer í bænum sumarið 1922 er sjálfseignarstofnun.

Eignir stofnunarinnar eru: Steinhúsið „Grund“ við Kaplaskjólsvæg ásamt timburskemmu, erfðafestulandi og innanstokksmunum en á þeim hvíla þær ógreiddar skuldir sem stofnaðar hafa verið vegna heimilisins.

Samkvæmt framanskriðuðu, leyfum vjer oss nú að setja stofnun þessari eftirfylgjandi:

SKIPULAGSSKRÁ.

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita gamalmönnum heimilisvist á Elliheimilinu og góða umönnun með svo vægum kjörum sem frekast er unt, eða jafnvel ókeypis þegar þess er kostur. Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hverskonar styrktarfje gömlu fólki til uppeldis.


Í þeim tilgangi að reka dvalar- og hjúkrunarheimilisþjónustu skal stjórn Grundar heimilt að stofna félagasamtök (almenn félög - Rekstrarform N1 hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra) sem eru í eigu stofnunarinnar, undir yfirstjórn og á ábyrgð hennar. Þau almennu félög sem um ræðir eru nú Dvalarheimilið Ás, kt. 430169-1229 og Mörk hjúkrunarheimila kt. 600510-0100; en heimilt er stjórn Grundar að stofna önnur félög til reksturs dvalar eða hjúkrunarheimila í eigu stofnunarinnar. Hvert félaganna er sjálfstæður lögaðili og með sérstakar samþykktir sem marka réttarsambandið milli þeirra og móðurfélagsins; sjálfseignarstofnunarinnar Grundar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirði sje beinlínis varið til að halda Elliheimili áfram hjer í bænum. Eigi má heldur binda fje hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Stjórn Elliheimilisins skipa nú undirritaðir 5 – fimm – menn og skal hún jafnan skipuð fimm mönnum. Heimilt er stjórninni að kveðja sjer til aðstoðar tvo eða þrjá varamenn og fela þeim hlutdeild í stjórnunarstörfum eftir því sem þörf krefur. Verði sæti nefndarmanns autt vegna þess að hann óskar að ganga úr stjórninni eða vegna burtflutnings eða dauða fyllir nefndin sjálf skarðið með því að setja til bráðabirgða eða skipa til fulls mann í sæti það, sem laust hefir orðið.



4. gr.

Stjórnin skiftir með sjer störfum og ræður starfsfólk til Elliheimilisins eftir þörfum. Hún veitir heimilisvistirnar og fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni yfirleitt að gera sjeralt far um að efla haf og heill stofnunarinnar í öllum greinum, og auka hana og stækka er þörf krefur og kringumstæður leyfa. Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag Elliheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum útnefndum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og hinn af borgarstjóra Reykjavíkur. Stjórn heimilisins úrskurðar svo reikninginn og leggur hann fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til athugunar, en útdráttur úr honum skal birtur í opinberu blaði.

5. gr.

Peningar þeir, sem Grund eða félög í eigu þess eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir á þann hátt sem stjórnendur meta hagfelldastan á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórnin setur heimilisreglur fyrir Elliheimilið. Hún gerir sjer far um, í samvinnu við starfsfólkið, að jafnan ríki á heimilinu kristilegur trúarblær, að húslestrum sje haldið uppi að staðaldri og að hlynt sje að öðrum góðum heimilissiðum. Á þessu ber henni að hafa vakandi auga við ráðningu starfsfólks og við mannaskifti í stjórninni.

7. gr.

Komi einhverntíma að því, að stjórnin sjái sjer ekki fært að reka Elliheimilið áfram, gefi hún bæjarstjórn Reykjavíkur kost á að taka að sjer heimilið og allan rekstur þess, en hafni hún því boði, fellur Elliheimilið með öllum eignum þess til aðalsjúkrahúss ríkisins – „Landsspítalans“ í Reykjavík.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari getur stjórn Elliheimilisins ekki breytt nema með 4/5 atkvæða, þó því aðeins að bæjarstjórn Reykjavíkur fallist á breytingarnar og stjórnarráð Íslands staðfesti þær.

Reykjavík, 23. Janúar 1925.

Sigurbjörn Á. Gíslason, (Ási) Har. Sigurðsson (Unnarstíg 1)

Júl. Árnason (Bankastræti 10) Páll Jónsson (Lækjargötu 6 A)

Flosi Sigurðsson (Lækjargötu 12 A)

Þannig samþykkt á stjórnarfundum

Reykjavík, 15. desember 2017.

Jóhann J. Ólafsson, (Kleifarvegur 5) Guðrún B. Gísladóttir, (Brávallagötu 40)
Gísli Páll Pálsson, (Hverahlíð 4) Júlíus Rafnsson, (Brávallagötu 40)
Guðbjörg R. Guðmundsdóttir, (Selbraut 11)